

3. mgr. 18. gr. fyrir viðurkenningu þriðju landa, sem hafa gefið út skírteini, eða veitt öðrum umboð til að gefa út skírteini.“ Tilskipanirnar eru hluti samningsins um Evrópska efnahags-svæðið og eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 17. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003 um breytingu á tilskipun 2001/25 um lágmarkspjálfun sjómanna, sem vísað er til í 56j lið í XIII. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2004 frá 9. júlí 2004.

Samgönguráðuneytinu, 18. apríl 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 464/2001,
um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum.**

1. gr.

Liður a) í 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Pinna sem stungið er í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta nema hraði losunar nikkels frá pinnanum sé minni en $0,2 \mu\text{g}/\text{cm}^2/\text{viku}$ (flæðimörk), mælt með aðferð 2 sem lýst er í 5. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/96/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á nikkeli í götunarpinum svo aðlaga megi I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 25. apríl 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnadóttir.